

Fundur í skólaráði þann 26.1. 2017.

Mætt eru: Hólmfríður María Hauksdóttir fulltrúi foreldra, Hugrún Dögg Harðardóttir fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Elísabet Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda, Emilía Kolka Ingvarsdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari, fulltrúi starfsmanna, Monika Margrét Stefánsdóttir fulltrúi foreldra, Marías B. Kristjánsson deildarstjóri og Ólöf Inga Andrédóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Innkeyrslan að skólanum (Ólöf). Haldinn var fundur í skipulagsnefnd og er málið hjá Víkingi í framkvæmdadeild Akureyrarbæjar. Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um af hverju hringtorg hafi ekki orðið fyrir valinu. Framkvæmdadeild bar fyrir sig plássleysi í götunni. Umræður um hvaða form sé hentugast.
2. Skóladagatal næsta skólaárs (Ólöf). Skólastjóri kynnti drög að skóladagatali næsta skólaárs, m.a. sem kom fram er að skóli verður settur 22. ágúst. Dagatalið á eftir að kynna fyrir kennurum. Það sem er samræmt milli skóla er að allir skólar á Akureyri byrja á sama degi og eru í frí á sömu dögum.
3. Viðtalsdagar og frammistöðumat (Ólöf). Skólastjóri spurði fulltrúa nemenda og foreldra áhlits varðandi það að vera með 30 mín. viðtöl og formið á frammistöðumatinu. Skiptar skoðanir. Hugmynd að bjóða upp á annarsvegar 20 mín. viðtöl og hins vegar 30 mín. viðtöl. Ein hugleiðing er hvort valkvætt ætti að vera í viðtal. Foreldrar ánægðir með að hafa lengri viðtöl og hafa þau tvo daga, þó ákveðin skerðing verði á tíma barnanna í skólanum með þeim hætti. Einnig spurt um frammistöðumat; foreldrum finnst formið á því gott og ekki ástæða til að breyta því. Umræður um ágæti frammistöðumatsins, en fulltrúi kennara bendir á að t.d. ef misræmi er í mati nemanda og kennara er kominn umræðugrundvöllur um það. Nemendum fannst ekki munur á viðtölunum hvort frammistöðumatið var útfyllt eða ekki. Einnig rætt um hvort bóklegar greinar eigi að vera einn flokkur í frammistöðumatið, eða hvort eigi að greina það meira niður á námsgreinar. Fulltrúi foreldra bendir á hvort ekki sé hægt að miða matið meira að aldri en nú er gert, henni finnst t.d. matið í 1. bekk orðað líkt því sem gert er í 10. bekk.
4. Skólareglur. Rætt um hvernig t.d. samningar um símanotkun hafa gengið eftir. Að mati nemenda hafa þeir gengið vel. Fulltrúar nemenda kynntu verkefni sem verður 13. – 24. febrúar þar sem verða símalausar löngu frímínútur, og verður boðið upp á ýmsa afþreyingu fyrir nemendur á þessum tíma. Sem dæmi eru það skák, leikir í íþróttahúsi, spil, lestur og fleira. Rætt almennt um reglur og hvað gerist þegar þær eru brotnar, t.d. þegar bekkir missa forréttindi, hvort sanngjarnt sé að allur bekkurinn þurfi að „líða“ fyrir það.

Önnur mál.

Fyrirspurn frá foreldrum um vikuna þar sem voru Öðruvísi fatadagar. Fjölmíðlar leituðu uppi foreldra til að fá álit þeirra. Skrifuð var grein í Vikudag þar sem fjallað var um Strákaföt –

stelpuföt fatadaginn sem var einn af þessum öðruvísi fatadögum. Rætt um þessa daga þar sem m.a. kom fram að sumir nemendur ákváðu að taka ekki þátt. Þátttaka var val hvers og eins nemanda og enginn skyldaður til að taka þátt. Fulltrúar skólaráðs jákvæðir gagnvart þessum dögum.

Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra varðandi krýningu kóng og drottningu árshátíðarinnar. Fulltrúum foreldra finnst með þessum krýningum sé verið að krýna vinsælu krakkana og þannig skipa nemendum í flokka. Fulltrúum nemenda finnst þetta ekki vera með þeim hætti og að mikil spenna sé fyrir þessum krýningum og að nemendur vilji hafa þetta óbreytt. Í dag eru krýningarnar 4 fyrir utan kóng og drottningu. Umræða um krýningarnar og hvort þær eigi rétt á sér.

Fleira ekki gert, fundi slitið 16:07.

Fundargerð ritaði Marías Ben. Kristjánsson